

ATRIÐI SEM ÞARF AÐ HAFA Í HUGA ÞEGAR HINSEGIN FÓLK Á Í HLUT

Hinsegin fólk er hópur sem er meira útsettur fyrir ofbeldi, þar með talið heimilisofbeldi. Það er því mikilvægt að fagfólk geri sér grein fyrir fjölbreyttum birtingarmyndum heimilisofbeldis, og hvernig hinseginleiki getur verið notaður gegn hinsegin fólk eða valdið meiri kvíða við að tilkynna það.

Atriði sem geta haft áhrif á hinsegin fólk þegar það leitar sér aðstoðar:

- Að verða fyrir fordómum og/eða verða dæmd fyrir þeirra líf og samband
- Að það verði opinbert að þau séu hinsegin (ef þau eru ekki opin með það) og verði ekki farið með það sem trúnaðarmál. Hinsegin samfélagið er mjög lítið og sögur ferðast því hratt á milli fólks
- Áhyggjur að þjónustuveitendur skilji ekki aðstæður þeirra og þarfir, eins og t.d. hvernig gerandi notar hinseginleika gegn þeim og hótar að segja öllum að þau séu hinsegin þegar þau eru ekki opin með það
- Að mæta neikvæðum og niðrandi athugasemdum um sjálfsmynd og hinseginleika þeirra
- Að vita ekki hvort þjónustuveitandi sé hinseginvænn, og búi mögulega yfir fordómum í garð hinsegin fólks
- Að vita ekki hvort karlar geti fengið aðstoð sem brotapolar
- Að vita ekki hvort konur í samkynja sambandi geti fengið aðstoð sem brotapolar
- Að vita ekki hvort trans konur séu útilokaðar frá þjónustu fyrir konur
- Að vita ekki hvort að úrræði á borð við húsnæði og skjól taki á móti hinsegin fólk, og séu öruggur staður fyrir þau sem hinsegin manneskju

Atriði sem ber að hafa í huga til að gera viðmót og samskipti hinseginvænni:

- Spyrja skjólstæðina hvort þau eigi maka, í stað þess að gera ráð fyrir gagnkynhneigð og spyrja konu hvort hún eigi eiginmann/kærasta og karl hvort hann eigi eiginkonu/kærustu
- Ef spurt er um fyrri sambönd, ekki gera ráð fyrir kynjum fyrrverandi maka. Betra er að spyrja almennt, eða spyrja hvort viðkomandi hafi verið í samaböndum með körlum, konum eða kvárum, eða blöndu af því
- Ef viðkomandi er hinsegin þá er gott að spyrja hvort að viðkomandi sé kominn út úr skápnunum og hvort hans nánustu vita, hvort vinnuveitandi og vinnufélagar vita, o.s.frv.

- Gott er að spyrja hvort viðkomandi eigi vini innan hinsegin samfélagsins ef þau eru hinsegin, og kanna hvort hann hafi stuðning frá einhverjum þáðan. Ef svo er ekki þá er gott að leggja til að viðkomandi leiti t.d. til Samtakanna '78 til að fá ráðgjöf og stuðning, þar sem gott er að komast í tengsl við annað hinsegin fólk í sömu stöðu eða sem hefur svipaða reynslu
- Mikilvægt er að spyrja hvort að hinseginleiki þeirra sé oft til umræðu í sambandinu, og jafnvel notað gegn þeim, eins og t.d. að tvíkynhneigð þeirra sé dregin í efa, eða hvort þau séu mögulega trans og maki er á móti því að þau tjái kynvitund sína
- Gott er að spyrja hver það er sem er að beita þau ofbeldi, þ.e. hvort það er maki eða annar fjölskyldumeðlimur. Ef um er að ræða geranda, þá þarf sérstaklega að huga hvort að það sé verið að beita hinsegin börn eða ungmenni ofbeldi, og hvort hinseginleiki þeirra spilar þar inni
- Ef óvissa er um kyn skjólstæðings, þá er best að spyrja hvernig viðkomandi vill að kyn og fornöfn séu skráð, í stað þess að spyrja “ertu karl eða kona?”
- Það er í lagi að spyrja um sambandstöðu, kynhneigð, kyn og fornöfn – það er ekki móðgandi spurningar. Það er betra að vera viss og gera hlutina rétt en að hafa ekki allar upplýsingar sem þarf til að styðja viðkomandi á sem áhrifaríkastan hátt.

Atriði sem ber að hafa í huga til að gera þjónustu og starfsemi hinseginvænni

- Skoða vefsíður og efni - kemur einhverstaðar fram að hinsegin fólk mætir skilningi og fær þjónustu? Eru sýnilegir regnbogafánar? Eru slóðir á hinsegin hagsmunasamtök eða efni um hinsegin fólk á síðunni?
- Skoða verkferla og skráningu í viðtölum – er það sérstaklega skráð að viðkomandi sé hinsegin? Er spurt sérstaklega út í hinseginleika?
- Skoða eyðublöð með hinsegin gleraugum – ef spurt er um kyn, tekur það tillit til kvára? Ef skráður er maki, hvernig er það gert? Getur hinsegin fólk komið því á framfæri að þau eru hinsegin ef þau vilja gera það?
- Kynna sér þjónustu og starfsemi hinsegin samtaka og félagasamtaka – eins og t.d. ráðgjafþjónustu Samtakanna '78
- Tilnefna tengilið við hinsegin félagasamtök sem er í virku samtali við þau og þekkir starfsemi og áherslur sem þarf að hafa til að veita hinsegin fólki viðeigandi þjónustu
- Við þurfum ekki öll að vera sérfræðingar í hinsegin málefnum, en það er mikilvægt að geta talað opinskátt við hinsegin fólk og finna fyrir öryggi að ræða þeirra mál sérstaklega. Ef þið vitið ekki eitthvað og þurfið ráðgjöf eða upplýsingar, þá er best að vera opin með það og geta vísað viðkomandi á stað þar sem þau geta fengið réttar upplýsingar eða þjónustu.